



Running Tide Iceland ehf.
101 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
utn@utn.is, www.utn.is

Reykjavík, 8. júlí 2022
Tilvísun: UTN22030164/34.R.001
GRG/--

Leyfi til vísindalegrar rannsóknar

Utanríkisráðuneytið vísar til umsóknar Running Tide Iceland ehf. um leyfi til vísindalegra rannsókna í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 10. mars 2022.

Um er að ræða umfangsmikið kolefnisförgunarverkefni, þar sem langtíma markmiðið er að fanga og farga allt að 500.000 tonnum af kolefni á svæði utan lögsögu Íslands. Til stendur að nota til þess þara sem tekur upp kolefni við ljóstillífum til vaxtar og viðgangs. Rækta á stórbörunga á kúlum/flothykjum sem unnið er að því að hanna en áætlað er að verði á stærð við körfubolta og búin til úr m.a. viðarmassa, kalki og bindiefnum. Hluti rannsóknarinnar fer fram innan efnahagslögsögu Íslands. Áformað er að stærstur hluti rannsóknarinnar fari fram utan lögsögu Íslands. Áætlað er að kúlurnar leysist upp yfir þann tíma sem þarinn vex á þeim sem leiðir til þess að flotvægi verði neikvætt með tíma. Á ákveðnum tímamarki sökkvi kúlurnar með þeim þaragróðri og ásætum sem eru áfastar. Markmiðið er að farga kolefni sem bundið er í kúlurnar og þarann með því að tryggja að þær sökkvi þar sem dýpi er a.m.k. 1000 m. Er gert ráð fyrir að kolefnið grafist í set í djúpsjó að miklu leyti.

Vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands eru háðar samþykki íslenskra stjórnvalda sbr. 9. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn. Venju samkvæmt leitaði utanríkisráðuneyti umsagna Hafrannsóknarstofnunar og Landhelgisgæslu Íslands vegna umsóknarinnar. Með hliðsjón af eðli umsóknarinnar óskaði ráðuneytið einnig eftir umsögnum Umhverfisstofnunar og umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins.

Í umsögn sinni benti Landhelgisgæsla Íslands á að fyrir opnu hafi og jafnvel á staðbundnum svæðum umhverfis Ísland séu ein verstu sjólög sem þekkjast á heimshöfunum. Þar af leiðandi þurfi að huga vel að botnfestingum eftir því sem við á. Jafnframt var bent á að huga þurfi að siglingaöryggi áður en búrum er komið fyrir eða kúlur eru sjósettar og hafa samráð við Landhelgisgæsluna.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að stofnunin telji að ræktun á þörungum á föstum stöðvum innan landhelgi Íslands, þ.e. fyrsti hluti rannsóknarinnar, muni ekki hafa neikvæð áhrif á umhverfi eða lífríki nema þá mjög stað- og tímabundið undir þeim flotþrómmum sem lagt er til að nota. Hvað varðar seinni hluta rannsóknarinnar, þ.e. ræktun utan lögsögu Íslands með flothykjum benti stofnunin á að tryggja þurfi að innihaldsefni flothylka sem verða losuð í sjó hafi ekki skaðleg áhrif á lífríki sjávar. Til að tryggja vernd líffræðilegs fjölbreytileika þarf að notast við innlenda stofna

tegunda til ræktunar ef þöngarnir eru ræktaðir við strönd eða geta náð til strandar á flothylkjum.

Umhverfisstofnun benti á að mikilvægt væri að leyfið yrði gefið út fyrir ákveðnu umfangi til tiltekins tíma en í umsókninni eru engar upplýsingar um fjölda kaðla eða annars búnaðar sem til stendur að nota. Stofnunin telur jafnframt mikilvægt að sett verði skilyrði um frágang á búnaði, t.d. köðlum, baujum og akkerum að rannsókn lokinni. Umhverfisstofnun benti jafnframt á að í umsókninni sé ekki að finna upplýsingar um uppruna gróðliðanna sem áformað er að nota, en leyfi stofnunarinnar þarf til að flytja til landsins framandi lífverur, sbr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá benti Umhverfisstofnun á að fleyting flothylkja gæti fallið undir 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og verið leyfisskyld.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið lýsti stuðningi við leyfisveitingu í umsögn sinni en benti aftur á móti á að stórfelldar aðgerðir í lífrænni kolefnisförgun séu ekki tímabærar. Skoða þurfi vel alþjóðlegar samþykktir, lagaleg álitamál og vísindalega þekkingu áður en lagt er af stað í slíka vegferð. Þá leggur ráðuneytið áherslu á að íslenskir vísindamenn og eftirlits- og rannsóknarstofnanir, svo sem Umhverfisstofnun og Hafrannsóknarstofnun verði áfram upplýstar um gang mála og leitað verði ráðgjafar hjá þeim um næstu skref, ekki síst ef um miklar breytingar á eðli eða umfangi starfseminnar eru fyrirhugaðar.

Að framansögðu veitir utanríkisráðuneytið Running Tide Iceland ehf. hér með leyfi til að framkvæma vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Áréttað er þó að leyfið er einöngu bundið við mörk íslenska efnahagslögsögunna. Ef fleytingin þarf einnig að fara fram innan efnahagslögsögu annars ríkis, þá þarf félagið að sækja sérstaklega um leyfi til þess ríkis.

Leyfi þetta gildir í fjögur ár frá útgáfu og er takmarkað við fleytingu 50.000 tonna af flothylkjum með eftirfarandi skilyrðum:

1. Yfir gildistíma leyfisins skal umsækjandi hafa samráð við Hafrannsóknarstofnun og Umhverfisstofnun um gang mála.
2. Umsækjandi skal upplýsa Hafrannsóknarstofnun og Umhverfisstofnun um framgang rannsóknarinnar og allar niðurstöður að rannsókn lokinni.
3. Umsækjandi skal sækja um öll önnur nauðsynleg leyfi vegna framkvæmdar rannsóknarinnar eða eftir atvikum fá staðfest hjá viðkomandi leyfisveitendum að leyfisskylda sé ekki til staðar, svo sem samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna mögulegs varps í haf, 63. gr. laga nr. 60/2013 vegna innflutnings framandi lífvera og ákvæðum laga nr. 132/1999 varðandi fljótandi mannvirki.
4. Að rannsókn lokinni skal umsækjandi upplýsa um niðurstöðu rannsókna á afdrifum þess efnis sem sekkur til hafsbotns, þ.e.a.s. hvort það leysist upp á hafsbotni eða grefst í set líkt og áformað er að gerist. Þessar rannsóknaniðurstöður eru forsenda fyrir frekari leyfisveitingu til framtíðar lítið.
5. Umsækjandi skal hafa samráð við Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu til að tryggja siglingaöryggi.

F.h.r.

Gísli Rúnar Gíslason
lögfræðingur

